



FUNDARGERÐ

258. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði föstudaginn 31. maí 2019 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Samningar við ÍSOR
2. Gjaldskrá hitaveitu
3. Lóðamál við fóðurstöð
4. Lagerhúsnæði
5. Vatnsveita Iðavöllum
6. Vinna við fjárhagsáætlunargerð og 8 mánaða uppgjör
7. Skýrsla framkvæmdastjóra
8. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

1. Samningar við ÍSOR

Framkvæmdastjóri kynnti samninga við ÍSOR - annars vegar "Forðamat jarðhitakerfisins undir Urriðavatni". Upphaf verks 1. júní 2019 og lýkur 31. október 2019. Heildarverð 3.066.188. -án vsk. Og hins vegar "Vinnslueftirlit HEF árin 2019 til 2021". Upphaf verks 1. júní 2019 og lýkur 1. mars 2022. Heildarverð 4.512.865 kr. án vsk.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi samninga við ÍSOR og felur framkvæmdastjóra að undirrita þá og láta þá falla inn í fjárhagsáætlun.

2. Gjaldskrá hitaveitu

Málið í vinnslu, afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Lóðamál við fóðurstöð

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að fá heimild til að sækja um breytingu á lóðum við athafnasvæði HEF við Barraveg.

Samþykkt samhljóða.

4. Lagerhúsnæði

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að sölu lagerhúsnæðis HEF við Smiðjuseið verði frestað til 15. október 2019.

Samþykkt samhljóða.

5. Vatnsveita Iðavöllum

Málið í vinnslu hjá framkvæmdastjóra.

6. Vinna við fjárhagsáætlunargerð og 8 mánaða uppgjör

Stefnt skal að því að 8 mánaða uppgjör verði tilbúið 15. september og samhliða því verði drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri greindi frá helstu verkefnum sem nú eru í vinnslu hjá HEF m.a. við Vök baths áfanga 1 og 2. Verkefni tengt hitaveitulögnum í Eyjólfsstaðaskógi og Úlfsstaðaskógi. Framkvæmdir í Fénaðarklöpp. Hugsanleg kaup á 190 rúmmetra vatnstanki, fyrir neyðarsöfnun á köldu vatni.

Framkvæmdastjóri greindi frá viðræðum við landeiganda varðandi samninga um land undir hreinsivirki við Melshorn. Málið verður áfram í vinnslu.

Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið skýrslu framkvæmdastjóra.

Jón Steinar yfirlag fundinn.

8. Önnur mál

Björg Björnsdóttir spurði hvernig endurskoðun lánasamninga við Íslandsbanka gangi. Málið er á lokastigi.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 13. júní á Hótel Héraði kl. 12:00.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 15:14.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.